

3.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn 13.maí 2020 á skrifstofur hreppsins í Norðurfirði kl. 14:00.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Bjarnheiður Júlía Fossdal, Melum 1, Björn Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti skrifar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fasteignaálagningu lokið, farið yfir breytingar á álagningu og fleira.
2. Bréf frá Skipulagsstofnun, beiðni um umsögn vegna Strandavegar.
3. Finnbogastaðaskóli, fyrirkomulag, verkefni framundan í sumar.
4. Skipulagsmál, Jón lögmaður verður á línunni. Samþykktir frá byggingarnefnd og skipulagsnefnd lagðar fram til umræðu og/eða samþykktar.
5. Norðurfjarðarhöfn, staðan varðandi endurbætur á fiskmóttöku og fleira.

1. Fasteignaálagningu er lokið. Fasteignagjöld hækkuðu um 3,1% á milli ára. Álagningaseðlar verða sendir út fljótlega.
 2. Bréf frá Skipulagsstofnun, beiðni um umsögn vegna Strandavegar. Skipulagsnefnd hefur fundað og lagt fyrir hreppsnefnd; „Skipulagsnefnd hefur kynnt sér tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum Strandavegar um Veiðileysuháls og telur að hún geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Nefndin gerir ekki athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til né þá valkosti sem leggja á mat á. Hins vegar telur nefndin að varðandi fyrirhugaða gagnaöflun verði framkvæmdar frekari rannsóknir á snóalögum fyrir veglínu frá Veiðileysu niður að Kúvíkum og tekur undir athugasemdir Ingólfs Benediktssonar við drög að tillögu að matsáætlun Strandavegar í þeim efnum en hann hefur áratugareynslu af snjómokstri á þessari leið. Nefndin gerir engar athugasemdir hvernig vinna eigi úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu“.
- Hreppsnefnd Árneshrepps hefur kynnt sér umsögn skipulagsnefndar og gerir samþjóða tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum Strandavegar um Veiðileysuháls og telur að hún geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Nefndin gerir ekki athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til né þá valkosti sem leggja á mat á. Hins vegar telur nefndin að varðandi fyrirhugaða gagnaöflun verði framkvæmdar frekari rannsóknir á snóalögum fyrir veglínu frá Veiðileysu niður að Kúvíkum og tekur undir

úlfar
GAA
ÓD.
Bj
Bj

athugasemdir Ingólfs Benediktssonar við drög að tillögu að matsáætlun Strandavegar í þeim efnum en hann hefur áratugareynslu af snjómokstri á þessari leið.

Hreppsnefnd gerir engar athugasemdir hvernig vinna eigi úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu.

Árneshreppur mun á síðari stigum gefa út leyfi til framkvæmda hvort sem er framkvæmdaleyfi eða byggingaleyfi þegar tilskilin gögn liggja fyrir.

3. Finnbogastaðaskóli, fyrirkomulag og verkefni framundan í sumar. Jón Eiríksson kom á fund hreppsnefndar og ákveðið varð hvaða efni verður notað til að klæða skólann.
4. Skipulagsmál, Jón lögmaður var á fundi hreppsnefndar í gegnum síma og var til umræðu ýmislegt varðandi skipulag, aðal og deiliskipulagsmál.
5. Norðurfjarðarhöfn, staðan varðandi endurbætur á fiskmóttöku og fleira. Búið að mála fiskmóttökuna og laga rafmagnið. Taka þarf betur til þar innanhúss og setja upp flugnabana.
6. Oddviti fékk að bæta inn einu máli sem varðar versnandi símasamband og versnandi gæði á útsendingum útvarpsrása. Oddviti mun hafa samband við þá sem málið varðar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30.

Óva Sigurbjörnsdóttir
 Þjarnheidur J. Fossdal
 Þjóni J. Jónsson
 Vilfar Eysteinnsson
 Guðkaugur Þórhildur